

Skautasamband Íslands

Skýrsla stjórnar
2022 - 2023

Skýrsla stjórnar ÍSS 2022-2023

Stjórn ÍSS 2022-2023 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Svava Hróðný Jónsdóttir	Formaður
María Fortescue	Varaformaður
Ingibjörg Pálsdóttir	Gjaldkeri / Varaformaður
Póra Sigríður Torfadóttir	Ritari
Hulda Líf Harðardóttir	Meðstjórnandi
Hörður Sigurðsson	Varamaður
Kristel Björk Þórisdóttir	Varamaður

Valdimar Leó Friðriksson	Framkvæmdastjóri
María Fortescue	Framkvæmdastjóri

Upphaf starfstíma

Fyrstu verkefni kjörinnar stjórnar

- Að skipta með sér verkum
- Kynna sér reglur ÍSS og ISU sem og siðareglur
- Formenn nefnda skipaðir ásamt áheyrnarfulltrúum
- Fastur fundartími settur mánaðarlega

Starf stjórnar fór fljótt af stað þar sem að undirbúa þurfti fulltrúa ÍSS fyrir alþjóðþing ISU ásamt því að ljúka starfsári ÍSS og undirbúa nýtt keppnistímabil um leið.

Stjórn ÍSS vildi á sama tíma reyna að auka sýnileika skautaípróttta á landinu öllu og reyna eftir fremsta megni að auka umtal í öllum landshlutum og fá áheyrn þeirra sem málið varðar inni í sveitarfélögunum svo hægt sé að koma af stað samtali um það sem þarf að gera til þess að hægt sé að vinna að frekari uppbyggingu mannvirkja sem halda utan um allar þær skautaípróttir sem heyra undir ÍSS.

Nefndir ÍSS

Samvinna á milli nefnda ÍSS gekk mjög vel. Eftir mikla vinnu sem var lögð í skýringu verkferla gekk vinna nefnda ÍSS mjög vel á tímabilinu. Samskipti milli stjórnar og nefnda eru skýr og góð og fer vinna nefndanna faglega fram sem auðveldar og styrkir vinnu stjórnar til muna.

Laganefnd ÍSS starfaði með stjórn ÍSS að eftirfylgni með uppfærslu og endurútgáfu gagna ásamt því að yfirfara reglugerðir og lög, sem eru árleg verkefni nefndarinnar.

Þjálfunar- og fræðslunefnd fylgdi eftir sinni vinnu við þjálfaranám ÍSS. Þjálfaranámskeið voru ekki haldin á þessu tímabili sökum þess að ekki náðist lágmarks þátttaka. En við munum hefja nýtt starfsár á nýjum námskeiðum.

Helsta verkefni nefndarinnar er að sinna fræðslu bæði innan ÍSS sem og í samfélaginu öllu. Nefndin hefur skipulagt fræðsluerindi fyrir afrekshópa en bæði þjálfarar og ekki sýst aðstandendur þurfa og eiga skilið fræðslu um allt sem snýr að skautaiþróttum.

Voru haldnir fræðslufyrirlestrar í fjarfundi í nóvembermánuði annars vegar um félagalínukerfið og hins vegar um keppnisflokka ÍSS.

Nefndin hélt áframhaldandi samstarfi við Fimleikasamband Íslands. Fræðsludagurinn fór aftur fram í fjarfundi sem tókst vel og gefur þetta form erlendum þátttakendum betra aðgengi að öllum fræðsluerindum.

Auglýst var eftir áhugasömum þjálfurum til þess að sækja Norræna barna- og unglínaráðstefnu í Finnlandi í nóvember. Nokkrar umsóknir bárust en það var Ilaria Nogaro, þjálfari hjá SR, sem fór ásamt Svövu Hróðný Jónsdóttur, formanni ÍSS, á ráðstefnuna.

Ráðstefnan er liður í samnorrænu samstarfi ÍSÍ og eru ráðstefnurnar haldnar á þriggja ára fresti til skiptis í hverju landi fyrir sig. Næsta ráðstefna er haldin á Íslandi eftir þrjú ár.

Afreksmál

Afreksnefnd ÍSS fór af stað í nýtt tímabil full eldmóðs og með mörg verkefni í gangi.

Á nýju tímabili fóru æfingabúðir og alþjóðlegt mótastarf af stað og fylgdi Afreksnefndin þessum verkefnum eftir sem og eftirfylgni og utanumhaldi með íslenskum skauturum.

ÍSS starfar samkvæmt Afreksstefnu sinni sem samþykkt er á skautaþingi ár hvert og gildir í tvö ár í senn. Er þetta skilyrði frá ÍSÍ og Afrekssjóði ÍSÍ sem þarf að uppfylla til þess að sækja styrki í sjóðinn. Skautasambandið getur ekki haldið út afreksstarfi sínu nema með hjálp þessara styrkja. Síðasta ár höfðum við sett okkur það markmið að halda aukinni styrkveitingu sem við höfðum unnið okkur inn það ár og gekk það mjög vel sem skilaði sér í hækkun á styrkveitingu til ÍSS árið 2022 og munum við sækja um að sambandið verði endurskilgreint innan ÍSÍ og þá sem alþjóðlegt sérsamband í flokki b. Til þess að vera í flokki b þurftum við að uppfæra Afreksstefnuna okkar þannig að hún gildir í lengri tíma í einu en er uppfærð á hverju ári þrátt fyrir það.

Vinna að fagteymi ÍSS er stór hluti afreksmála. Mikilvægi þess að veita afreksíþróttafólki aðgengi að faglegri aðstoð er gríðarlegt og skiptir þar miklu máli stöðugleiki svo ekki fari tími og peningur í aðlögun. ÍSS hefur unnið áfram með Sólveigu Dröfn Andrésdóttur sjúkrapjálfa, en hún hefur síðustu ár jafnframt verið formaður Afreksnefndar ÍSS. Viðtöl við skautara fara fram að lágmarki tvisvar sinnum á hverju tímabili. Þessi viðtöl hafa gefist vel og eru þau einnig góð þjálfun fyrir skautarana í markmiðasetningu.

Síðasta tímabil hafa skautararnir verið í markmiðasetningu með Júlíu Grétarsdóttur. Júlía hefur menntun og reynslu sem hjálpar skauturunum okkar gríðarlega mikið en auk þess hefur Júlía ómetanlega reynslu sem fyrrverandi afrekskautari hjá ÍSS sem og að vera starfandi í afreksnefnd.

Við höfum einnig fengið til liðs við okkur sálfræðinga og næringarfræðinga þar sem mikilvægustu hlutar afreksmála eru tæklaðir. Fræðsla til skautara hefur farið fram í gegnum fyrirlestra og vinnustofur sem mikil ánægja hefur verið með, bæði frá skauturum sem og ÍSS.

Sumarið 2022 var ákveðið að fara aðra leið en áður hvað varðar sumarþing ÍSS það sumarið. En í stað þess að ÍSS skipulagði sumarþing á Íslandi líkt og vant er þá buðum við afreksefnum og skauturum í afrekshópi ÍSS að sækja styrk til ÍSS til þess að nýta í æfingabúðir að eigin vali.

Þessi leið gafst vel að þessu sinni, þar sem að um fáa skautara var að ræða. En við teljum að ÍSS geti gert mun betur við skautarana sýna og nýtt fræðsluna og kennsluna fyrir stærri hóp skautara með því að skipuleggja æfingabúðir á Íslandi og bjóða yngri skauturum og skauturum í hæfileikamótun að taka þátt gegn vægu gjaldi.

Seinni æfingabúðir tímabilsins fóru fram í Egilshöll í Reykjavík í janúar. Þá gat Patrick O'Neil gat loksins komið aftur og unnið með hópnum okkar. Hann hefur hinga til miðlað sinni reynslu og þekkingu til bæði skautara og þjálfara af mikilli kostgæfni.

Að þessu sinni vorum við með tvískiptar æfingabúðir. Þeir skautarar sem höfðu verið valdir til þess að keppa fyrir hönd ÍSS á Norðurlandamótinu sem myndi fara fram innan fárra vikna voru í styttra prógrammi þar sem einblínt var á prógram yfirferð og hópefli. Hins vegar vorum við með skautara í keppnisflokkum Basic Novice, Intermediate Novice, Intermediate Women og Men, Advanced Novice og Junior. Þessir skautarar voru í heilmiklu prógrammi þar sem þau voru bæði með dagskrá á ís og af ís og fyrirlestra. Þetta fyrirkomulag gafst mjög vel og fengum við mjög jákvæð viðbrögð frá bæði þátttakendum og aðstandendum.

Það er á dagskrá hjá okkur að vera með tvískiptar æfingabúðir aftur í sumar þar sem að báðir hóparnir fá þetta dagskrá á ís og af. Með þessu móti náum við að nýta alla þá þekkingu sem ÍSS er að flytja inn til landsins og þá sérfræðinga sem við eigum hér á Íslandi. Einnig teljum við að yngri skautarar njóti góðs af því að fylgjast með eldri og reyndari skauturum.

Framundan er frekari vinna að uppbyggingu afrekshópa ÍSS og að efla enn frekar þá skautara sem eru þar nú þegar. Fer sú vinna fram með góðu sambandi stjórnar, afreksnefndar og starfsmanna ÍSS við afreksefni, þjálfara þeirra, félög og forráðamenn.

Dómarar- og tæknifólk

Góð samvinna var á milli Tækninefndar og skrifstofu ÍSS við skipulagningu móta og uppsetningu á dómaraþpanel. Ásamt því að nefndin starfaði einnig með öðrum nefndum ÍSS að sameiginlegum verkefnum.

Efling og menntun dómara og tæknifólks frá Íslandi er mikilvæg. Við erum heppin að eiga starfsfólk með góða menntun og það er mikilvægt að við eigum þar fólk með alþjóðleg réttindi. Reynsla starfsfólksins hefur mikið að segja varðandi áframhaldandi menntun þeirra og mun ÍSS halda áfram að styðja okkar starfsfólk á þeirra sviði með því að veita þeim tækifæri bæði á íslenskum mótum sem og erlendum mótum.

Það hefur verið stefna ÍSS að senda dómara með íslenskum skauturum á erlend mót sem bæði styrkir stöðu dómara sem og skautaranna okkar.

ÍSS vinnur áfram að frekari framþróun starfsfólks í þeirra störfum og vonumst við til þess að á næstu árum munu fleiri bætast í hóp þeirra sem hafa alþjóðleg réttindi.

Í júlí ár hvert heldur Alþjóða skautasambandið námskeið fyrir starfsfólk á dómaraþpanel. Halla Björg Sigurbórsdóttir þreytti þar próf sem alþjóðlegur tæknistjórnandi (e. International technical controller (TC)). Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur dómari tekur prófið og er Halla Björg því fyrsti íslenski dómari sem fær réttindi sem alþjóðlegur tæknistjórnandi.

Skautakona ársins

Skautakona ársins var valin að venju. Sem áður þá höfum við ekki getað tilnefnt íþróttafólk af báðum kynjum og er það áframhaldandi áminning um að halda betur utan um þann hóp

skautara innan okkar raða og styrkja og efla þá enn frekar. Vonandi eru horfur til betri vega í þeim efnum ef Vormótið á Akureyri er einhver vísun í framþróun í þeim efnum, en á því móti þá áttum við þrjá herra í þremum keppnisflokkum og það var einn ungur drengur sem skráði sig ekki til keppni.

Að þessu sinni var Aldís Kara Bergsdóttir valin skautakona ársins 2022.

Þetta er í fjórða sinn í röð sem hún hlýtur titilinn.

Aldís Kara Bergsdóttir tilkynnti nýverið að hún hefði lagt skautana á hilluna eftir 15 ára farsælan skautuferil. Hún æfði með Skautafélagi Akureyrar lengst af undir leiðsögn Iveta Reitmayerova en síðar Darja Zajcenko. Síðustu mánuði hafði hún fært sig yfir til Fjölnis og unnið þar undir leiðsögn Benjamin Naggiar.

Þátttaka hennar er mikilvæg fyrir alla íþróttina en hún er fyrsti íslenski skautarinn til að hljóta þátttökurétt á Heimsmeistaramóti Unglinga og á Evrópumeistaramóti í 27 ára sögu Skautasambandsins.

Allan sinn skautuferil hefur Aldís Kara verið gríðarlega mikilvæg fyrirmynd fyrir sér yngri skautara þar sem hún hefur ávallt unnið að sínum markmiðum af mikilli elju. Er ekki annað hægt að segja en að hún geti gengið stolt frá borði.

Eldhugi ársins

Kjör íþróttamanns ársins fór loksins fram með venjulegu sniði eftir tvö ár af örathöfnum. Allir útnefndir íþróttamenn sérsamband ÍSÍ komu saman og var þeim fagnað.

Af því tilefni var í fyrsta sinn valinn Eldhugi ársins. En það er nafnbót sem tilheyrir sjálfboðaliðum innan íþróttahreyfingarinnar. Sjálfboðaliðar voru tilnefndir og þrír voru valdir í úrslit. Af þeim þremur átti ÍSS einn fulltrúa, Þóru Gunnarsdóttur, sem er skautafjölskyldunni vel kunnug.

Mótahald

Mótanefnd sá um eftirlit á mótstað á ÍSS mótum, líkt og fyrri ár, ásamt því að vinna úr mótstjóra- og yfirdómaraskýrslum allra móta. Starf nefndarinnar er yfirgripsmikið og krefst samvinnu margra aðila. Skjölín sem nefndin hefur á sínu forræði eru stór og mörg og hefur þeim tekist vel í því að gefa þau út á þann hátt að auðvelt er að vinna með þau og skilja.

Gerð var breyting á utanumhaldi ÍSS móta á þann hátt að ÍSS útvegar mótstjóra en aðstoðarmótstjórar eru fulltrúa þess félags sem heldur mótið hverju sinni. Hefur samvinnan gengið vonum framár á tímabilinu og erum við þess fullviss að næsta tímabil muni ganga enn betur. Á tímabilinu héldum við eitt stærsta mót sem haldið hefur verið á Íslandi, Norðurlandamótið 2023, en það var haldið í Skautahöllinni í Laugardal. Að halda svona stórt mót er eingöngu hægt með samvinnu við aðildarfélögin og hjálp frá sjálfboðaliðum.

ÍSS skipulagði á þessu tímabili fjögur mót

- Haustmót
- Íslandsmót
- Nordics @RIG 2023
- Vormót

Íslandsmeistaramót ÍSS 2022 fór fram í Skautahöllinni í Egilshöll í nóvember. Mótið fór fram með góðu móti.

Íslandsmeistarar 2022:

Advanced Novice: Sædís Heba Guðmundsdóttir

Junior Women: Júlía Sylvía Gunnarsdóttir

Bikarmótaröð ÍSS

Bikarmótaröð ÍSS fór nú fram í fjórða sinn. Að þessu sinni voru það Haustmót, Íslandsmót og Vormót sem voru hluti að bikarmótaröðinni..

Að Vormóti loknu voru Bikarmeistarar ÍSS krýndir í verðlaunaafhendingu.

Bikarmeistarar Skautasambands Íslands 2023 er Fjölnir listskautadeild.

Stigatafla Bikarmótaraðar ÍSS 2022-2023

	Fjölnir	Skautafélag Akureyrar	Skautafélag Reykjavíkur
Haustmót	15	11	13
Íslandsmót	15	11	13
Vormót	26	28	24
Samtals stig:	56	50	50

Junior Grand Prix 2021

Að þessu sinni átti Ísland rétt á því að senda keppendur á tvö mót á unglíngamótaröðinni, ISU Junior Grand Prix.

ÍSS sendi að þessu sinni einn skautara til keppni fyrir hönd Íslands á bæði móti

Fulltrúi ÍSS var:

- Júlía Sylvía Gunnarsdóttir, Fjölni

Júlía Sylvía keppti bæði í Ostrava í Tékklandi sem og í Egna á Ítalíu.

Ferðalagið til Ostrava gekk brösulega þar sem að flug voru felld niður og þurfti að finna ný flug með stuttum fyrirvara. En Júlía Sylvía lét það ekki á sig fá.

Tónlistin hennar við stutta prógrammið er metnaðarfull og kraftmikil popptónlist flutt af Jimin með lagið Lie. Júlía Sylvía túlkaði hvert smáatriði í glæsilegri danshönnun Benjamins og náði afar flottum spinnum sem gengu fullkomlega upp hjá henni.

Fyrir stutta prógrammið uppskar hún 34.01 stig fyrir daginn og sat í 28. sæti sem setti hana í annan upphitunarhóp fyrir frjálsa prógrammið. Fyrir frjálsa prógrammið fékk Júlía Sylvía 50.28 stig sem er langt frá hennar besta og samanlagt 84.29 stig og 31. sæti í heildina.

Til stóð að Júlía myndi keppa í Yerevan í Armeníu. En það mót var felld niður með stuttum fyrirvara vegna stríðsátaka á svæðinu. Ákvað ISU þá að þeir keppendur sem áttu keppnisrétt þar myndu fá úthlutað sæti á öðrum JGP mótum og fékk Júlía Sylvía úthlutað Egna á Ítalíu. Þar

voru hæg heimatökin þar sem að Benjamín er heimavanur á svæðinu og gat fyrrverandi keppnis partnerinn hans verið liðsstjóri í ferðinni með þeim þar eftir að þau höfðu stoppað í æfingar undirbúningi í Bergamo.

Fyrir stutta prógrammið fékk hún að þessu sinni 40.50 stig og var í 30. sæti eftir daginn. Fyrir frjálsa prógrammið fékk hún 58.74 stig og 38. sætið þann daginn. Samanlagt fékk hún þá 99.24 og 36. sætið á mótinu.

Special Olympics á Santa Claus Competition

Þann 3. Desember, á alþjóðadegi fatlaðra, kepptu iðkendur Special Olympics Iceland á Santa Claus Competition í Tampere í Finnlandi.

Allir keppendur komu vel fram, gerðu sitt besta, hvöttu hvort annað og aðra keppendur til dáða og voru til mikils sóma í allri framkomu. Sannir íþróttamenn.

Það voru sjö keppendur sem héldu til keppni í fjórum getuflokkum. Í Level 1 kepptu Bjarki Rúnar, Védís og Snædís Ósk og öll fengu þau gullverðlaun. Í Level 2 kepptu Hulda Björk og Þórdís og báðar fengu þær silfur verðlaun. Í Level 3 keppti Jóhanna og hún fékk gullverðlaun. Og í Level 4 fékk Söldís Sara gullverðlaun.

Norðurlandamót 2023

Að þessu sinni var komið að okkur hjá Skautasambandinu að halda Norðurlandamótið og taka á móti gestum frá hinum Norðurlöndunum ásamt öðrum þjóðum.

Þar sem að Norðurlandamótið og Reykjavíkurlíkarnir eru almennt haldin með mjög stuttu millibili var tekin sú ákvörðun, í samráði við RIG nefnd ÍBR og aðra fulltrúa Norðurlandaþjóðanna, að sameina mótin og halda eitt stórt mót undir nafninu Nordics@RIG 2023.

Að halda svona stórt mót er gríðarlega mikið verkefni sem krefst mikils undirbúnings og margir aðilar sem koma að þeirri vinnu. Nánast öll vinnan er unnin í sjálfböðavinnu, þó svo að starfsmenn skrifstofu ÍSS sinni einhverjum verkefnum.

Erfiðlega reyndist að manna stöður sjálfböðaliða á mótinu. En allt gekk upp að lokum og fengum við gott fólk til þess að vinna þetta með okkur.

Það var einróma álit gestanna okkar að mótið hafið verið skemmtilegt og að heimsókn þeirra til Reykjavíkur hafi verið frábær. Skaters Party á föstudagskvöldinu var vel sótt og mikil ánægja var með afslappað andrúmsloft og tækifæri til þess að eyða tíma með nýjum og gömlum vinum.

ÍSS átti fimm fulltrúa á Norðurlandamótinu að þessu sinni.

Keppendur í Advanced Novice:

Indíana Rós Ómarsdóttir

Sædís Heba Guðmundsdóttir

Keppendur í Junior Women:

Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir

Júlía Sylvía Gunnarsdóttir

Lena Rut Ásgeirsdóttir

European Youth Olympic Winter Festival (EYOWF)

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Friuli Venexia Giulia á Ítalíu í janúar. Þetta eru Evrópuleikar vetraríþróttar sem haldnir eru undir merkjum Alþjóðaólympíunefndarinnar. Keppt er í junior flokkum á aldursbili sem Ólympíunefndin ákveður og gefa ungmennum tækifæri á að upplifa Ólympíuandann á jafningjagrundvelli. Íslenskir keppendur eru á forræði ÍSÍ sem heldur utan um þátttöku Íslands á mótum sem þessum. Friður hópur skíða og snjóbrettafólks hélt til Ítalíu auk eins listskautara sem að þessu sinni var Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir ásamt þjálfara hennar, Sergey Kulbach.

Þátttaka á EYOWF er gífurlega gott og skemmtilegt tækifæri fyrir íþróttafólk til þess að upplifa liðsanda á stórmóti. Mótið gerir listskauturum kleyft að kynnast íþróttafólki í öðrum vetrargreinum, bæði innlendu sem og erlendu, og skapar skauturunum tengslanet framtíðarinnar þegar farið verður á stærri mót.

Ut anumhald keppenda var glæsilegt og vel séð um hópinn af farastjórum og sendinefnd frá ÍSÍ sem sá um allan undirbúning og framkvæmd í kringum íslenska liðið.

Þróunarverkefni

Á tímabilinu hefur verið haldið áfram með þróunarverkefni sem voru komin á nokkurn veg. Má þar meðal annars nefna uppbyggingu á skautahlaupi á Íslandi á nýjan leik.

Erwin van der Werve hefur verið með æfingar í skautahlaupi hjá Skautafélagi Akureyrar sem hafa verið ágætlega sóttar og er það von okkar að því verði haldið áfram og að fleiri aðildarfélög taki þetta verkefni sér til fyrirmyndar og hefji skautahlaupsæfingar að einhverju leiti innan sinna félaga.

Erwin fékk svo leyfi fyrir því að hleypa vatni yfir reiðbraut í Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Þar náði að frysta 400 metra skautahlaupsbraut sem er frábær nýting á íþróttasvæði.

Adaptive Skating – PARA Event

Ísland hefur tekið virkan þátt í þróunarverkefninu Adaptive Skating (AS) síðan 2018 en verkefnið miðar að því að allir einstaklingar óháð fötlun geti tekið þátt í keppni á jafningjagrundvelli og að keppnisflokkar geti verið aðlagðir að því að skautarar með og án fötlunar geti tekið þátt á sama mótinu og í sömu keppnisflokkum. Skautaiþróttin hefur enn ekki verið tekin undir væng Paralympics þar sem bæði hefur vantað flokkunarkerfi fyrir íþróttamenn og dómarkerfi. Adaptive Skating ætlar sér í alþjóðlegu samstarfi að vera leiðandi í þróun á hvoru tveggja og nú með stuðningi ISU, alþjóða skautasambandsins og IPC, International Paralympic Committee.

Í mars tóku þátt ellefu skautarar í verkefninu, þar af níu sem teljast sem AS keppendur.

Verkefnið er sett upp sem þriggja daga námskeið og nær yfir flokkun íþróttamanna, fræðilega og verklega þjálfun á ís og af ís ásamt málþingi um svefn, mikilvægi næringar, sögu Paralympics og hversu mikilvægt sé að sinna geðheilsu íþróttamanna í þjálfun og keppni. Að lokum fengu allir tækifæri til keppni þar sem lögð var áhersla á sanngjarna keppni með tilliti til áhrifa fötlunar þeirra skautara sem teljast með frávik. En til þess er notast við Whole Person Impairment (WPI) til flokkunar.

Að lokum

Það var gleðiefni að hægt var að halda úti venjulegu mótahaldi á þessu tímabili ásamt því að landslið ÍSS gat keppt á erlendri grundu að einhverju leiti. Það er þó von okkar að næsta tímabil verði ennþá öflugra og að hægt verði að fara í bæði landsliðsferð efstu flokka sem og keppnisferð hæfileikamótunar á opnu móti erlendis.

Íslenskir skautarar hafa staðið sig vel bæði innanland sem og erlendis.

Þó svo að enginn geti sagt til um framhaldið þá horfum við björtum augum til næsta tímabils og tækifæranna sem þá bjóðast.

Stjórn ÍSS vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komið hafa að vinnu ÍSS síðastliðið ár; Sjálboðaliðar, nefndarmenn, starfsmenn, keppendur, þjálfarar, stjórnir félaga, foreldrar og aðrir aðstandendur hafa hjálpast að við að gera umhverfi íþróttarinnar sem best og heilbrigðast og er það von stjórnar að sú vinna muni halda áfram.